

AUGLÝSING

1

2. jan.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

1. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20.00, nema í fylgd með full-orðnum, sem ber ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir útvistar-tíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er. Ákvæði þessi eru þó ekki því til fyrirstöðu, að unglingar megi hafa afnot af strætisvagnaskýlum.

Breyting þess staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 2. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

2

5. jan.

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í kaupstaðnum:

Egilsbraut	6	Skúr austan við húsið, eigandi Þorlákur Gíslason.
—	12	Pakkhús, eigandi Aðalsteinn Halldórsson.
—	14	Sjöhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
—	16	Sjöhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
—	18	Hjallur, eigendur Pálmar Magnússon og Jóhanna og Sigrún Magnúsdætur.
—	24	Pakkhús, eigandi Björn Björnsson.
Eyrargata	6	Pakkhús, eigandi Þórshamar h.f.
Hafnarbraut	15	Sjöhús, eigandi Guðröður Jónsson.
—	23	Pakkhús, eigandi Karl Karlsson.
—	25	Pakkhús, eigandi Karl Karlsson.
—	26	Pakkhús, eigandi Jón Benjamínsson.
—	27	Sjöhús, eigandi Sveinn Magnússon.
—	29	Skúr, eigandi Karl Karlsson.
—	31	Pakkhús, eigandi Jóhann Eyjólfsson.
—	33	Skúr, eigandi Jón Þórðarson.
—	35	Sjöhús, eigandi Ársæll Júlíusson.
—	39	Sjöhús, eigandi Hafbjörg h.f.
—	45	Krakaskúr, eigandi Eiríkur Ásmundsson.

B 1

2	Hafnarbraut 51	Sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
5. jan.	—	54 Gamla-Tröllanes, eigendur Hrafnkell h.f. og Herbert Jónsson.
	Nesgata	2 Sjóhús, eigandi Björn Ingvarsson.
	—	8 Atlahús og Kornvöruhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
	—	8A Bryggjuhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
	Strandgata	3 Sjóhús, eigandi Ármann Magnússon.
	—	5 Glaðheimar, eigandi Ármann Magnússon.
	—	7 Skúr, eigandi Jósef Halldórsson.
	—	9 Skúr, eigandi Lárus Ásmundsson o. fl.
	—	13 Sjóhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
	—	15 Sjóhús, eigandi Guðmundur Bjarnason, Hlíðargötu 7.
	—	17 Nýhöfn, eigandi Guðm. Bjarnason, Urðarteigi 23.
	—	21 Sjóhús, eigandi Gísli Bergsveinsson.
	—	35 Sjóhús, eigandi Jakob Jakobsson.
	Sverristún	1 Fjánhús og hlaða, eigandi Haraldur Brynjólfsson.
	—	3 Hlaða, eigandi Guðni Einarsson.
	Þiljuvellir	3 Gripahús, eigandi Guðni Einarsson.
	Þórhólsgata	5 Laufás, eigendur Hermann Davíðsson og Einar Bjarnason.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

3

6. jan.

AUGLÝSING

um viðauka við Lyfsöluskrá I frá 15. jan. 1956.

Frá og með 1. janúar 1959 gengur í gildi viðauki við Lyfsöluskrá I frá 1. jan. 1956 útgefinn í dag af þessu ráðuneyti.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 6. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.

4

6. jan.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingu á Lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958.

Frá og með 15. jan. 1959 gengur í gildi viðauki og breyting á Lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958 út gefin í dag af þessu ráðuneyti.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 6. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.